

Nd.

176. Breytingartillögur

við till. til þál. um rannsóknarnefnd mjólkurmála.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

1. Upphaf tillgr. orðist þannig:
Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa rannsóknarnefnd neyzzluvara almennings, er skipuð sé 5 innandeildarþingmönnum. Nefndin kys sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér störfum.
2. Við 1. tölul. Liðurinn orðist þannig:
Að hve miklu leyti séu réttmætar umkvartanir neytenda um gallaðar eða lélegar innlendar neyzzluvörur.
3. Við 2. tölul. Liðurinn orðist þannig:
Orsakir skorts á neyzzluvörum innanlands.
4. Við 3. tölul. Liðurinn orðist svo:
Hversu mikið af innlendum neyzzluvörum hefur á hverjum tíma verið sell hinu erlenda setuliði.
5. Við 5. tölul. Liðurinn orðist þannig:
Rannsaka kostnað við sölu og dreifingu neyzzluvara innanlands og gera tillögur um, hversu úr honum verði dregið, þar sem nefndin telur hann óeðlega háan.
6. Við 6. tölul. Liðurinn orðist þannig:
Gera tillögur um, hvaða ráðstafanir skuli gera til tryggingar framleiðslu landsmanna, er viðskiptin við hið erlenda setulið falla niður.
7. Við 7. tölul. Liðurinn orðist þannig:
Gera tillögur um, hversu bezt verði komið i veg fyrir misskilning, sem rísa kann milli neytenda og framleiðenda, og komið i veg fyrir það, að ósannur og skaðlegur áróður sé i frammi hafður til að vekja fjandskap og tortryggni milli þessara aðila. Réttmæti þeirra blaðaskrifa, sem fram hafa komið um þessi mál séu rannsökuð ýtarlega og tillögur gerðar um það, hvaða ráðstafanir beri að gera, þar sem slík blaðaskrif varða við landslög beint eða óbeint.
8. Fyrirsögn till. verði:
Tillaga til þingsályktunar um rannsóknarnefnd innlendra neyzzluvara.